3. Gagnvart ríki, sem gerist aðili að bókun þessari á þann hátt sem lýst er í 1. og 2. mgr. 5. gr. hér að ofan á tímabilinu frá þeim degi er hún er lögð fram til undirritunar og þar til hún tekur gildi, skal hún taka gildi á þeim degi sem tilgreindur er í 1. mgr. hér að ofan.

3. With regard to any State which becomes a Contracting Party to this Protocol in the manner described in paragraph 1 and 2 of Article 5 above, during the period between the date on which this Protocol is opened for signature and its entry into force, this Protocol shall enter into force on the date determined in paragraph 1 above.

7. gr.

1. Frumrit bókunar þessarar, á enskri og franskri tungu, skal afhent vörsluaðila og eru báðir textar jafngildir. Vörsluaðili skal senda staðfest afrit beggja texta til allra ríkja sem hafa undirritað bókun þessa eða afhent aðildaryfirlýsingarskjal vegna hennar.

2. Vörsluaðili skal svo fljótt sem auðið er tilkynna öllum aðilum að samþykktinni og öllum ríkjum sem undirritað hafa bókun þessa eða lýst yfir aðild að henni um

a. undirritanir bókunar þessarar,

b. afhendingar undirritunar-, fullgildingar- og viðurkenningarskjala vegna bókunar þessarar,

c. afhendingar aðildaryfirlýsingarskjala vegna bókunar þessarar, og

d. gildistökudag bókunar þessarar.

3. Þegar bókun þessi hefur tekið gildi skal vörsluaðili láta skrásetja hana hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna samkvæmt ákvæðum 102. gr. stofnskrárinnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullgilt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í París 3. desember 1982.

Article 7

1. The original of this Protocol, in the English and French languages, each version being equally authentic, shall be deposited with the Depositary. The Depositary shall transmit certified copies of each of these versions to all States that have signed this Protocol or deposited instruments of accession to it.

2. The Depositary shall inform all Contracting Parties of the Convention and all States that have signed and acceded to this Protocol as soon as possible of:

a) signatures to this Protocol;

b) deposits of instruments of ratification, acceptance, or approval of this Protocol;

c) deposits of instruments of accession to this Protocol;

d) the date of entry into force of this Protocol.

3. When this Protocol has entered into force, the Depositary shall have it registered with the Secretariat of the United Nations in accordance with Article 102 of the Charter.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Protocol.

Done at Paris on 3 December 1982.

4. júlí 1986 Nr. 11

AUGLÝSING

um samning um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

Hinn 13. júní 1986 var framkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar sem gerður var í Stokkhólmi 14. júlí 1967 og undirritaður fyrir Íslands hönd sama dag. Alþingi hafði með ályktun 17. apríl 1986 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 13. september 1986.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. júlí 1986.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um stofnun Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

Samningsaðilar,

sem vilja stuðla að auknum skilningi og samvinnu ríkja í milli til sameiginlegra hagsbóta þeirra á grundvelli virðingar fyrir fullveldi þeirra og jafnrétti,

sem vilja stuðla að vernd eignarréttinda á sviði hugverka hvarvetna í heiminum, í þeim tilgangi að örva skapandi starfsemi,

sem vilja gera stjórnun sambanda þeirra sem stofnuð hafa verið til verndar eignarréttindum á sviði iðnaðar og til verndar bókmenntum og listaverkum nútímalegri og virkari, enda verði sjálfstæði sérhvers sambands virt að fullu,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Stofnsetning stofnunarinnar.

Alþjóðahugverkastofnunin er hér með stofnuð.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkir

i. „stofnunin" Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO),

ii. „alþjóðaskrifstofan" alþjóðaskrifstofuna fyrir eignarréttindi á sviði hugverka,

iii. „Parísarsamningurinn" samninginn um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar sem undirritaður var 20. mars 1883, ásamt sérhverjum síðari breytingum á honum,

iv. „Bernarsáttmálinn" sáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum sem undirritaður var 9. september 1886, ásamt sérhverjum síðari breytingum á honum,

v. „Parísarsambandið" alþjóðasambandið sem stofnað var með Parísarsamningnum,

vi. „Bernarsambandið" alþjóðasambandið sem stofnað var með Bernarsáttmálanum,

vii. „samböndin" Parísarsambandið, sérsamböndin og samningana sem stofnað hefur verið til í tengslum við það samband, Bernarsambandið og sérhvern annan

CONVENTION

Establishing the World Intellectual Property Organization

The Contracting Parties,

Desiring to contribute to better understanding and cooperation among States for their mutual benefit on the basis of respect for their sovereignty and equality,

Desiring, in order to encourage creative activity, to promote the protection of intellectual property throughout the world,

Desiring to modernize and render more efficient the administration of the Unions established in the fields of the protection of industrial property and the protection of literary and artistic works, while fully respecting the independence of each of the Unions,

Agree as follows:

Article 1

Establishment of the Organization

The World Intellectual Property Organization is hereby established.

Article 2

Definitions

For the purposes of this Convention:

(i) "Organization" shall mean the World Intellectual Property Organization (WIPO);

(ii) "International Bureau" shall mean the International Bureau of Intellectual Property;

(iii) "Paris Convention" shall mean the Convention for the Protection of Industrial Property signed on March 20, 1883, including any of its revisions;

(iv) "Berne Convention" shall mean the Convention for the Protection of Literary and Artistic Works signed on September 9, 1886, including any of its revisions;

(v) "Paris Union" shall mean the International Union established by the Paris Convention;

(vi) "Berne Union" shall mean the International Union established by the Berne Convention;

(vii) "Unions" shall mean the Paris Union, the Special Unions and Agreements established in relation with that Union, the Berne Union, and any other international

alþjóðasamning sem ætlað er að stuðla að vernd eignarréttinda á sviði hugverka og stofnunin hefur skv. 4. gr. iii. tekið að sér að framkvæma,

viii. „eignarréttindi á sviði hugverka" meðal annars réttindi varðandi
— verk á sviði bókmennta, lista og vísinda.
— túlkun listflytjanda, hljóðritun og útsendingar,
— uppgötvanir á sérhverju sviði mannlegrar viðleitni,
— vísindalegar uppgötvanir,
— iðnteikningar og iðnlíkön,
— vörumerki, þjónustumerki, firmanöfn og verslunarauðkenni,
— vernd gegn óréttmætri samkeppni,
og öll önnur réttindi sem rekja má til hugverkasamstarfsemi á sviði iðnaðar, vísinda, bókmennta og lista.

3. gr.
Markmið stofnunarinnar.

Markmið stofnunarinnar eru:

i. að stuðla að vernd eignarréttinda á sviði hugverka hvarvetna í heiminum með samvinnu milli ríkja og þar sem við á í samráði við sérhverja aðra alþjóðastofnun,

ii. að tryggja samstarf sambandanna um stjórnunarmál.

4. gr.
Starfssvið.

Stofnunin, til þess að ná markmiðum þeim sem lýst er í 3. gr., og fyrir milligöngu viðeigandi stofnunar að því tilskildu að það falli undir valdsvið hvers sambands:

i. skal stuðla að ráðstöfunum sem ætlað er að greiða fyrir vernd eignarréttinda á sviði hugverka hvarvetna í heiminum og samræma löggjöf ríkja á þessu sviði,

ii. skal annast stjórnunarstörf fyrir Parísarsambandið, sérsamböndin sem stofnuð hafa verið í tengslum við það samband og Bernarsambandið,

iii. getur fallist á að annast eða taka þátt í stjórnunarmálum varðandi sérhvern annan alþjóðasamning sem ætlað er að stuðla að vernd eignarréttinda á sviði hugverka,

iv. skal hvetja til þess að gerðir séu alþjóðasamningar sem ætlað er að stuðla að vernd eignarréttinda á sviði hugverka,

agreement designed to promote the protection of intellectual property whose administration is assumed by the Organization according to Article 4 (iii);

(viii) "intellectual property" shall include the rights relating to:
— literary, artistic and scientific works,
— performances of performing artists, phonograms, and broadcasts,
— inventions in all fields of human endeavor,
— scientific discoveries,
— industrial designs,
— trademarks, service marks, and commercial names and designations,
— protection against unfair competition,
and all other rights resulting from intellectual activity in the industrial, scientific, literary or artistic fields.

Article 3
Objectives of the Organization

The objectives of the Organization are:

(i) to promote the protection of intellectual property throughout the world through cooperation among States and, where appropriate, in collaboration with any other international organization,

(ii) to ensure administrative cooperation among the Unions.

Article 4
Functions

In order to attain the objectives described in Article 3, the Organization, through its appropriate organs, and subject to the competence of each of the Unions:

(i) shall promote the development of measures designed to facilitate the efficient protection of intellectual property throughout the world and to harmonize national legislation in this field;

(ii) shall perform the administrative tasks of the Paris Union, the Special Unions established in relation with that Union, and the Berne Union;

(iii) may agree to assume, or participate in, the administration of any other international agreement designed to promote the protection of intellectual property;

(iv) shall encourage the conclusion of international agreements designed to promote the protection of intellectual property;

v. skal bjóða samvinnu sína þeim ríkjum sem biðja um lagalega og tæknilega aðstoð varðandi eignarréttindi á sviði hugverka,

vi. skal safna og dreifa upplýsingum um vernd eignarréttinda á sviði hugverka, framkvæma og stuðla að rannsóknum á þessu sviði og birta niðurstöður slíkra rannsókna,

vii. skal veita þjónustu sem greiðir fyrir alþjóðlegri vernd eignarréttinda á sviði hugverka og, eftir því sem við á, sjá um skrásetningu á þessu sviði og birtingu gagna sem skrásetninguna varðar,

viii. skal annast öll önnur viðeigandi störf.

5. gr.
Aðild.

1. Sérhvert ríki sem aðili er að einhverju þeirra sambanda sem skilgreind eru í 2. gr. vii. getur gerst aðili að stofnuninni.

2. Sérhvert ríki sem ekki er aðili að neinu sambandanna getur einnig gerst aðili að stofnuninni ef:

i. það er aðili að Sameinuðu þjóðunum, einhverri sérstofnananna í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar, eða Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, eða er aðili að samþykktum Alþjóðadómstólsins, eða

ii. allsherjarþingið býður því að gerast aðili að samningi þessum.

6. gr.
Allsherjarþingið.

1. a. Allsherjarþing skal skipað ríkjunum sem aðilar eru að samningi þessum og aðilar eru að einhverju sambandanna.

b. Fyrir ríkisstjórn hvers ríkis er einn fulltrúi sem má hafa sér til aðstoðar varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga.

c. Kostnað við sendinefnd greiðir sú ríkisstjórn sem hefur skipað hana.

2. Allsherjarþingið skal:

i. skipa framkvæmdastjóra samkvæmt tilnefningu samræmingarnefndarinnar,

ii. athuga og samþykkja skýrslur framkvæmdastjóra um stofnunina og gefa honum öll nauðsynleg fyrirmæli,

iii. athuga og samþykkja skýrslur og störf samræmingarnefndarinnar og gefa henni fyrirmæli,

(v) shall offer its cooperation to States requesting legal technical assistance in the field of intellectual property;

(vi) shall assemble and disseminate information concerning the protection of intellectual property, carry out and promote studies in this field, and publish the results of such studies;

(vii) shall maintain services facilitating the international protection of intellectual property and, where appropriate, provide for registration in this field and the publication of the data concerning the registrations;

(viii) shall take all other appropriate action.

Article 5
Membership

(1) Membership in the Organization shall be open to any State which is a member of any of the Unions as defined in Article 2 (vii).

(2) Membership in the Organization shall be equally open to any State not a member of any of the Unions, provided that:

(i) it is a member of the United Nations, any of the Specialized Agencies brought into relationship with the United Nations, or the International Atomic Energy Agency, or is a party to the Statute of the International Court of Justice, or

(ii) it is invited by the General Assembly to become a party to this Convention.

Article 6
General Assembly

(1) *(a)* There shall be a General Assembly consisting of the States party to this Convention which are members of any of the Unions.

(b) The Government of each State shall be represented by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

(c) The expenses of each delegation shall be borne by the Government which has appointed it.

(2) The General Assembly shall:

(i) appoint the Director General upon nomination by the Coordination Committee;

(ii) review and approve reports of the Director General concerning the Organization and give him all necessary instructions;

(iii) review and approve the reports and activities of the Coordination Committee and give instructions to such Committee;

iv. samþykkja fjárlög til þriggja ára í senn vegna sameiginlegra útgjalda sambandanna,

v. samþykkja aðgerðir sem framkvæmdastjóri leggur til um stjórnunarmál vegna alþjóðasamninga er um getur í 4. gr. iii.,

vi. setja fjárhagsreglur stofnunarinnar,

vii. ákveða starfstungumál skrifstofunnar þar sem tillit sé tekið til venju Sameinuðu þjóðanna,

viii. bjóða ríkjum er um getur í 5. gr. 2. tl. ii. að gerast aðilar að samningi þessum,

ix. ákveða hvaða ríkjum utan stofnunarinnar og hvaða stofnunum sem ríki eru aðilar að og alþjóðastofnunum sem ríki eru ekki aðilar að skuli leyft að hafa áheyrnarfulltrúa á fundum þess,

x. vinna önnur þau störf sem við eiga samkvæmt samningi þessum.

3. a. Hvert ríki fer með eitt atkvæði á allsherjarþinginu, hvort sem það er aðili að einu eða fleiri sambandanna.

b. Helmingur ríkja þeirra er aðilar eru að allsherjarþinginu myndar lögmætan fund.

c. Allsherjarþingið getur samþykkt ákvarðanir þrátt fyrir ákvæði b-liðar ef færri sækja fund en helmingur fulltrúa ríkja sem aðilar eru að allsherjarþinginu en þriðjungur þeirra eða fleiri, en allar slíkar ákvarðanir, að undanskildum ákvörðunum um eigin fundarsköp, skulu því aðeins taka gildi að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt. Alþjóðaskrifstofan skal tilkynna þessar ákvarðanir ríkjum sem aðilar eru að allsherjarþinginu og ekki áttu fulltrúa á fundi og gefa þeim kost á að greiða atkvæði eða sitja hjá við atkvæðagreiðslu skriflega innan þriggja mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar. Nái fjöldi þeirra ríkja sem þannig hafa greitt atkvæði eða setið hjá innan nefnds frests þeim fjölda sem á vantaði til þess að fundurinn hefði verið lögmætur taka slíkar ákvarðanir gildi enda sé tilskildum meirihluta jafnframt náð.

d. Ákvarðanir allsherjarþingsins skulu teknar með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða, sbr. þó e- og f-lið.

(iv) adopt the triennial budget of expenses common to the Unions;

(v) approve the measures proposed by the Director General concerning the administration of the international agreements referred to in Article 4 (iii);

(vi) adopt the financial regulations of the Organization;

(vii) determine the working languages of the Secretariat, taking into consideration the practice of the United Nations;

(viii) invite States referred to under Article 5 (2) (ii) to become party to this Convention;

(ix) determine which States not Members of the Organization and which intergovernmental and international non-governmental organizations shall be admitted to its meetings as observers;

(x) exercise such other functions as are appropriate under this Convention.

(3) *(a)* Each State, whether member of one or more Unions, shall have one vote in the General Assembly.

(b) One-half of the States members of the General Assembly shall constitute a quorum.

(c) Notwithstanding the provisions of subparagraph *(b)*, if, in any session, the number of States represented is less than one-half but equal to or more than one-third of the States members of the General Assembly, the General Assembly may make decisions but, with the exception of decisions concerning its own procedure, all such decisions shall take effect only if the following conditions are fulfilled. The International Bureau shall communicate the said decisions to the States members of the General Assembly which were not represented and shall invite them to express in writing their vote or abstention within a period of three months from the date of the communication. If, at the expiration of this period, the number of States having thus expressed their vote or abstention attains the number of States which was lacking for attaining the quorum in the session itself, such decisions shall take effect provided that at the same time the required majority still obtains.

(d) Subject to the provisions of subparagraphs *(e)* and *(f)*, the General Assembly shall make its decisions by a majority of two-thirds of the votes cast.

e. Til samþykkis ákvarðana um framkvæmd alþjóðasamninga er um getur í 4. gr. iii. þarf þrjá fjórðu hluta greiddra atkvæða.

f. Til samþykkis samnings við Sameinuðu þjóðirnar skv. 57. og 63. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna þarf níu tíundu hluta greiddra atkvæða.

g. Til skipunar framkvæmdastjórans (2. gr. i.), samþykkis aðgerða er framkvæmdastjórinn leggur til um stjórnunarmál vegna alþjóðasamninga (2. gr. v.) og flutnings aðalstöðvanna (10. gr.) þarf ekki aðeins tilskilinn meirihluta á allsherjarþinginu heldur einnig á þingi Parísarsambandsins og þingi Bernarsambandsins.

h. Það teljast ekki greidd atkvæði ef setið er hjá.

i. Fulltrúi getur aðeins komið fram og greitt atkvæði fyrir eitt ríki.

4. a. Allsherjarþingið skal koma saman þriðja hvert almanaksár til reglulegs þingfundar þegar framkvæmdastjórinn kallar það saman.

b. Allsherjarþingið skal koma saman til sérstaks þingfundar þegar framkvæmdastjórinn kallar það saman að beiðni samræmingarnefndarinnar eða eins fjórða þeirra ríkja sem aðilar eru að allsherjarþinginu.

c. Fundir skulu haldnir í aðalstöðvum stofnunarinnar.

5. Ríkjum þeim, sem aðilar eru að samningi þessum en ekki eru aðilar að neinu sambandanna, er heimilt að sækja fundi allsherjarþingsins sem áheyrnarfulltrúar.

6. Allsherjarþingið setur sér eigin þingsköp.

(e) The approval of measures concerning the administration of international agreements referred to in Article 4 (iii) shall require a majority of three-fourths of the votes cast.

(f) The approval of an agreement with the United Nations under Articles 57 and 63 of the Charter of the United Nations shall require a majority of nine-tenths of the votes cast.

(g) For the appointment of the Director General (paragraph (2) (i)), the approval of measures proposed by the Director General concerning the administration of international agreements (paragraph (2) (v)), and the transfer of headquarters (Article 10), the required majority must be attained not only in the General Assembly but also in the Assembly of the Paris Union and the Assembly of the Berne Union.

(h) Abstentions shall not be considered as votes.

(i) A delegate may represent, and vote in the name of, one State only.

(4) *(a)* The General Assembly shall meet once in every third calendar year in ordinary session, upon convocation by the Director General.

(b) The General Assembly shall meet in extraordinary session upon convocation by the Director General either at the request of the Coordination Committee or at the request of one-fourth of the States members of the General Assembly.

(c) Meetings shall be held at the headquarters of the Organization.

(5) States party to this Convention which are not members of any of the Unions shall be admitted to the meetings of the General Assembly as observers.

(6) The General Assembly shall adopt its own rules of procedure.

7. gr.

Ráðstefnan.

1. a. Ráðstefna skal skipuð ríkjunum sem aðilar eru að samningi þessum hvort sem þau eru aðilar að einhverju sambandanna eða ekki.

b. Fyrir ríkisstjórn hvers ríkis er einn fulltrúi sem má hafa sér til aðstoðar varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga.

c. Kostnað við sendinefnd greiðir sú ríkisstjórn sem hefur skipað hana.

2. Ráðstefnan skal:

i. ræða almenn hagsmunamál varðandi eignarréttindi á sviði hugverka og má samþykkja

Article 7

Conference

(1) *(a)* There shall be a Conference consisting of the States party to this Convention whether or not they are members of any of the Unions.

(b) The Government of each State shall be represented by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

(c) The expenses of each delegation shall be borne by the Government which has appointed it.

(2) The Conference shall:

(i) discuss matters of general interest in the field of intellectual property and may adopt

álykanir um slík mál þar sem tillit sé tekið til valdsviðs og sjálfstæðis sambandanna,

ii. samþykkja fjárlög ráðstefnunnar til þriggja ára í senn,

iii. ákvarða innan ramma fjárlaga ráðstefnunnar þriggja ára áætlun um lagalega og tæknilega aðstoð,

iv. samþykkja breytingar á samningi þessum skv. 17. gr.,

v. ákveða hvaða ríkjum utan stofnunarinnar og hvaða stofnunum sem ríki eru aðilar að og alþjóðastofnunum sem ríki eru ekki aðilar að skuli leyft að hafa áheyrnarfulltrúa á fundum þess,

vi. vinna önnur þau störf sem við eiga samkvæmt samningi þessum.

3. a. Hvert ríki fer með eitt atkvæði á ráðstefnunni.

b. Einn þriðji aðildarríkja myndar lögmætan fund.

c. Ákvarðanir ráðstefnunnar skulu teknar með tveimur þriðju hluta greiddra atkvæða, sbr. þó 17. gr.

d. Upphæð fjárframlaga ríkja sem aðilar eru að samningi þessum en ekki eru aðilar að neinu sambandanna skal ákvörðuð í atkvæðagreiðslu þar sem aðeins fulltrúar þessara ríkja hafa atkvæðisrétt.

e. Það teljast ekki greidd atkvæði ef setið er hjá.

f. Fulltrúi getur aðeins komið fram og greitt atkvæði fyrir eitt ríki.

4. a. Ráðstefnan skal koma saman til reglulegs fundar þegar framkvæmdastjórinn kallar hana saman á sama tíma og á sama stað og allsherjarþingið.

b. Ráðstefnan skal koma saman til sérstaks fundar að beiðni meirihluta aðildarríkjanna.

5. Ráðstefnan setur sér eigin þingsköp.

recommendations relating to such matters, having regard for the competence and autonomy of the Unions;

(ii) adopt the triennial budget of the Conference;

(iii) within the limits of the budget of the Conference, establish the triennial program of legal-technical assistance;

(iv) adopt amendments to this Convention as provided in Article 17;

(v) determine which States not Members of the Organization and which intergovernmental and international non-governmental organizations shall be admitted to its meetings as observers;

(vi) exercise such other functions as are appropriate under this Convention.

(3) *(a)* Each Member State shall have one vote in the Conference.

(b) One-third of the Member States shall constitute a quorum.

(c) Subject to the provisions of Article 17, the Conference shall make its decisions by a majority of two-thirds of the votes cast.

(d) The amounts of the contributions of States party to this Convention not members of any of the Unions shall be fixed by a vote in which only the delegates of such States shall have the right to vote.

(e) Abstentions shall not be considered as votes.

(f) A delegate may represent, and vote in the name of, one State only.

(4) *(a)* The Conference shall meet in ordinary session, upon convocation by the Director General, during the same period and at the same place as the General Assembly.

(b) The Conference shall meet in extraordinary session, upon convocation by the Director General, at the request of the majority of the Member States.

(5) The Conference shall adopt its own rules of procedure.

8. gr.

Samræmingarnefnd.

1. a. Samræmingarnefnd skal skipuð ríkjum sem aðilar eru að samningi þessum og framkvæmdanefnd Parísarsambandsins eða framkvæmdanefnd Bernarsambandsins eða báðum. Sé hins vegar önnur hvor þessara framkvæmdanefnda skipuð meira en einum fjórða hluta þeirra ríkja sem aðilar eru að þinginu sem kaus hana þá skal sú framkvæmdanefnd tilnefna úr hópi aðila sinna þau ríki sem verða skulu aðilar í samræmingarnefndinni þannig að fjöldi þeirra fari ekki

Article 8

Coordination Committee

(1) *(a)* There shall be a Coordination Committee consisting of the States party to this Convention which are members of the Executive Committee of the Paris Union, or the Executive Committee of the Berne Union, or both. However, if either of these Executive Committees is composed of more than one-fourth of the number of the countries members of the Assembly which elected it, then such Executive Committee shall designate from among its members

fram úr fjórða hluta þeim er að framan greinir, enda sé ríkið sem á landsvæðið þar sem aðalstöðvar stofnunarinnar eru ekki talið með í nefndum einum fjórða hluta.

b. Fyrir ríkisstjórn hvers ríkis sem aðili er að samræmingarnefndinni er einn fulltrúi sem má hafa sér til aðstoðar varafulltrúa, ráðgjafa og sérfræðinga.

c. Þegar samræmingarnefndin tekur til athugunar annaðhvort mál sem varða beint áætlunina eða fjárlög ráðstefnunnar og dagskrá hennar eða tillögur um breytinga á samningi þessum sem myndi hafa áhrif á réttindi eða skyldur ríkja sem aðilar eru að samningi þessum en ekki eru aðilar að neinu sambandanna skal einn fjórði þessara ríkja taka þátt í fundum samræmingarnefndarinnar með sömu réttindum og aðilar þeirrar nefndar. Skal ráðstefnan á sérhverju reglulegu þingi tilnefna þessi ríki.

d. Kostnað við sendinefnd greiðir sú ríkisstjórn sem hefur skipað hana.

2. Óski önnur sambönd sem stofnunin fer með stjórnunarmál fyrir að eiga fulltrúa sem slík í samræmingarnefndinni skal tilnefna fulltrúa þeirra úr hópi þeirra ríkja sem aðilar eru að samræmingarnefndinni.

3. Samræmingarnefndin skal:

i. vera ráðgefandi fyrir stofnanir sambandanna, allsherjarþingið, ráðstefnuna og framkvæmdastjórann varðandi öll stjórnunarmál, fjármál og önnur sameiginleg hagsmunamál tveggja eða fleiri sambandanna, eða eins eða fleiri sambanda og stofnunarinnar, og sérstaklega varðandi fjárlög vegna sameiginlegra útgjalda sambandanna,

ii. gera drög að dagskrá fyrir allsherjarþingið,

iii. gera drög að dagskrá og drög að áætlun og fjárlögum ráðstefnunnar,

iv. ákvarða samsvarandi árleg fjárlög og áætlanir á grundvelli þriggja ára fjárlaga vegna sameiginlegra útgjalda sambandanna og þriggja ára fjárhagsáætlun ráðstefnunnar svo og á grundvelli þriggja ára áætlunarinnar um lagalega og tæknilega aðstoð,

v. þegar kjörtímabil framkvæmdastjórans er um það bil að renna út eða þegar staða

the States which will be members of the Coordination Committee, in such a way that their number shall not exceed the one-fourth referred to above, it being understood that the country on the territory of which the Organization has its headquarters shall not be included in the computation of the said one-fourth.

(b) The Government of each State member of the Coordination Committee shall be represented by one delegate, who may be assisted by alternate delegates, advisors, and experts.

(c) Whenever the Coordination Committee considers either matters of direct interest to the program or budget of the Conference and its agenda, or proposals for the amendment of this Convention which would affect the rights or obligations of States party to this Convention not members of any of the Unions, one-fourth of such States shall participate in the meetings of the Coordination Committee with the same rights as members of that Committee. The Conference shall, at each of its ordinary sessions, designate these States.

(d) The expenses of each delegation shall be borne by the Government which has appointed it.

(2) If the other Unions administered by the Organization wish to be represented as such in the Coordination Committee, their representatives must be appointed from among the States members of the Coordination Committee.

(3) The Coordination Committee shall:

(i) give advice to the organs of the Unions, the General Assembly, the Conference, and the Director General, on all administrative, financial and other matters of common interest either to two or more of the Unions, or to one or more of the Unions and the Organization, and in particular on the budget of expenses common to the Unions;

(ii) prepare the draft agenda of the General Assembly;

(iii) prepare the draft agenda and the draft program and budget of the Conference;

(iv) on the basis of the triennial budget of expenses common to the Unions and the triennial budget of the Conference, as well as on the basis of the triennial program of legal-technical assistance, establish the corresponding annual budgets and programs;

(v) when the term of office of the Director General is about to expire, or when there is

framkvæmdastjóra er laus tilnefna frambjóðanda er allsherjarþingið skipi í stöðuna. Skipi allsherjarþingið ekki þann sem hún tilnefnir skal hún tilnefna annan frambjóðanda. Þetta skal endurtekið þar til allsherjarþingið hefur skipað þann frambjóðanda er síðast var tilnefndur,

vi. verði staða framkvæmdastjórans laus milli tveggja þingfunda allsherjarþingsins skipa starfandi framkvæmdastjóra fyrir þann tíma þar til nýr framkvæmdastjóri tekur við embætti,

vii. vinna önnur þau störf sem henni eru falin samkvæmt samningi þessum.

4. a. Samræmingarnefndin skal koma saman til reglulegs fundar einu sinni á ári þegar framkvæmdastjórinn kallar hana saman. Hún skal að jafnaði koma saman í aðalstöðvum stofnunarinnar.

b. Samræmingarnefndin skal koma saman til sérstaks fundar þegar framkvæmdastjórinn kallar hana saman annað hvort að eigin frumkvæði eða að beiðni formanns hennar eða eins fjórða nefndarmanna.

5. a. Sérhvert ríki fer með eitt atkvæði í samræmingarnefndinni, hvort sem það er aðili að annarri eða báðum framkvæmdanefndunum sem greinir í 1. tl. a.

b. Helmingur nefndarmanna samræmingarnefndarinnar myndar lögmætan fund.

c. Fulltrúi getur aðeins komið fram og greitt atkvæði fyrir eitt ríki.

6. a. Samræmingarnefndin skal álykta og taka ákvarðanir með einföldum meirihluta greiddra atkvæða. Það teljast ekki greidd atkvæði ef setið er hjá.

b. Jafnvel þótt einföldum meirihluta sé náð má sérhver nefndarmaður samræmingarnefndarinnar þegar eftir atkvæðagreiðsluna fara fram á að atkvæði verði endurtalin sérstaklega á eftirfarandi hátt: Gerðir skulu tveir aðskildir listar, annar með nöfnum ríkja sem aðilar eru að framkvæmdanefnd Parísarsambandsins og hinn með nöfnum ríkja sem aðilar eru að framkvæmdanefnd Bernarsambandsins. Atkvæði sérhvers ríkis skal innfært gegnt nafni þess í listanum sem það er á. Komi fram við þessa sérstöku endurtalningu að einföldum meirihluta hafi ekki verið náð á báðum listunum telst tillagan ekki samþykkt.

a vacancy in the post of the Director General, nominate a candidate for appointment to such position by the General Assembly; if the General Assembly does not appoint its nominee, the Coordination Committee shall nominate another candidate; this procedure shall be repeated until the latest nominee is appointed by the General Assembly;

(vi) if the post of the Director General becomes vacant between two sessions of the General Assembly, appoint an Acting Director General for the term preceding the assuming of office by the new Director General;

(vii) perform such other functions as are allocated to it under this Convention.

(4) *(a)* The Coordination Committee shall meet once every year in ordinary session, upon convocation by the Director General. It shall normally meet at the headquarters of the Organization.

(b) The Coordination Committee shall meet in extraordinary session, upon convocation by the Director General, either on his own initiative, or at the request of its Chairman or one-fourth of its members.

(5) *(a)* Each State, whether a member of one or both of the Executive Committees referred to in paragraph (1) *(a)*, shall have one vote in the Coordination Committee.

(b) One-half of the members of the Coordination Committee shall constitute a quorum.

(c) A delegate may represent, and vote in the name of, one State only.

(6) *(a)* The Coordination Committee shall express its opinions and make its decisions by a simple majority of the votes cast. Abstentions shall not be considered as votes.

(b) Even if a simple majority is obtained, any member of the Coordination Committee may, immediately after the vote, request that the votes be the subject of a special recount in the following manner: two separate lists shall be prepared, one containing the names of the States members of the Executive Committee of the Paris Union and the other the names of the States members of the Executive Committee of the Berne Union; the vote of each State shall be inscribed opposite its name in each list in which it appears. Should this special recount indicate that a simple majority has not been obtained in each of those lists, the proposal shall not be considered as carried.

7. Sérhvert aðildarríki stofnunarinnar sem ekki er aðili að samræmingarnefndinni má hafa áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar sem rétt eiga á að taka þátt í umræðum en hafa ekki atkvæðisrétt.

8. Samræmingarnefndin setur sér eigin fundarsköp.

9. gr.
Alþjóðaskrifstofan.

1. Alþjóðaskrifstofan er skrifstofa stofnunarinnar.

2. Alþjóðaskrifstofunni stjórnar framkvæmdastjórinn og hefur hann sér til aðstoðar tvo eða fleiri aðstoðarframkvæmdastjóra.

3. Framkvæmdastjórinn skal skipaður til ákveðins tíma sem skal ekki vera skemmri en sex ár. Hann má endurskipa til ákveðins tíma. Fyrsti embættistími hans og hugsanlegur síðari embættistími skulu ákveðnir af allsherjarþinginu, svo og aðrir skilmálar skipunarinnar.

4. a. Framkvæmdastjórinn er æðsti embættismaður stofnunarinnar.

b. Hann kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar.

c. Hann skal gefa allsherjarþinginu skýrslu um og fara eftir fyrirmælum þess um innri og ytri málefni stofnunarinnar.

5. Framkvæmdastjórinn skal gera drög að áætlunum og fjárlögum og gefa reglulega skýrslu um starfsemina. Hann skal senda þær ríkisstjórnum þeirra ríkja sem hagsmuna eiga að gæta og lögbærum stofnunum sambandanna og stofnunarinnar.

6. Framkvæmdastjórinn og starfsmenn sem hann tilnefnir skulu taka þátt án atkvæðisréttar í öllum fundum allsherjarþingsins, ráðstefnunnar, samræmingarnefndarinnar og sérhverrar annarrar nefndar eða vinnuhóps. Framkvæmdastjórinn eða starfsmaður sem hann hefur tilnefnt skal ex officio vera ritari þessara stofnana.

7. Framkvæmdastjórinn skipar það starfslið sem nauðsynlegt er til þess að vinna störf alþjóðaskrifstofunnar á fullnægjandi hátt. Hann skipar aðstoðarframkvæmdastjórana að fengnu samþykki samræmingarnefndarinnar. Starfskjör skulu ákveðin í starfsreglum sem samræmingarnefndin samþykkir að tillögu framkvæmdastjórans. Höfuðatriðið við ráðningu starfsmanna og ákvörðun um starfskjör skal vera nauðsyn þess að tryggja að ströngustu skilyrði um dugnað, hæfni og heiðarleika séu uppfyllt. Taka skal tilhlýðilega tillit til þess að mikilvægt er að ráða starfsmenn

(7) Any State Member of the Organization which is not a member of the Coordination Committee may be represented at the meetings of the Committee by observers having the right to take part in the debates but without the right to vote.

(8) The Coordination Committee shall establish its own rules of procedure.

Article 9
International Bureau

(1) The International Bureau shall be the Secretariat of the Organization.

(2) The International Bureau shall be directed by the Director General, assisted by two or more Deputy Directors General.

(3) The Director General shall be appointed for a fixed term, which shall be not less than six years. He shall be eligible for reappointment for fixed terms. The periods of the initial appointment and possible subsequent appointments, as well as all other conditions of the appointment, shall be fixed by the General Assembly.

(4) *(a)* The Director General shall be the chief executive of the Organization.

(b) He shall represent the Organization.

